



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 27. maí 2016

Ákvörðun nr. 15/2016

Kaup ÍSAM ehf. á Eggerti Kristjánssyni ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 19. apríl sl. með tilkynningu um kaup ÍSAM hf. (hér eftir ÍSAM) á hluta af rekstri og fylgifé Eggert Kristjánssonar hf. (hér eftir Eggert Kristjánsson). Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning), sbr. síðari breytingar á þeim reglum. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a laganna.

Meðfylgjandi erindinu var jafnframt beiðni um undanþágu frá banni við því að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann á grundvelli 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Töldu samrunaaðilar að hvers konar tafir á framkvæmd samrunans gæti skaðað rekstur Eggerts Kristjánssonar, þar sem veruleg hættu var talin á því að viðskiptasambönd færu forgörðum. Þá var ennfremur gert grein fyrir rekstrarörðugleikum Eggerts Kristjánssonar sem segir að hafi leitt til greiðsluferfiðleika og því að erlendir samstarfsaðilar hafi slitið samstarfi við félagið. Fulltrúar félagsins gerðu ítarlegar grein fyrir téðum rekstarerfiðleikum á fundi með eftirlitinu. Með vísan til framangreindra efnisatriða auk framlagðra sjónarmiða á fundinum féllst Samkeppniseftirlitið á það að veita umrædda undanþágu. Með bréfi dags. 26. apríl 2016 var aðilunum tilkynnt um að fallist hafi verið á að veita undanþáguna auk þess sem þar kom fram að samrunaskrá vegna málsins teldist fullnægjandi og frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga hefðu byrjað að líða þann 20. apríl sl.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað ýmissa gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum. Eftirlitið hefur jafnframt átt samskipti við fjölmarga aðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum og gefið þeim færi á að leggja fram sjónarmið. Verður vísað til þessara samskipta eftir því sem ástæða þykir til.



II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Fellur umræddur samruni undir a. lið ákvæðisins þar sem fram kemur að samruni geti átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunaskrá segir að ÍSAM sé framleiðslu- og innflutningsfyrirtæki, stofnað árið 1964. Samkvæmt samþykktum félagsins sé tilgangur þess „*innflutnings- og útflutningsverslun, umboðssala, iðnaður, rekstur fasteigna og lánstarfsemi*“. Fram kemur að hjá félaginu starfi um 370 manns og fari starfsemi félagsins eingöngu fram á Íslandi. Nánar tiltekið segir að starfsemin felist í innflutningi og í rekstri heildverslunar á dagvörumarkaði. Þar að auki á ÍSAM dótturfélög í matvælaframleiðslu, um ræðir ORA sem framleiðir niðursuðuvörur, Kexsmiðjan og Frón sem framleiða kex og Myllan sem framleiðir brauð- og kökur. Jafnframt starfar félagið á markaði fyrir stóreldhús/veitingahús. Segir að flóra vörumerkja ÍSAM sé afar fjölbreytt hvort sem um er að ræða innflutning, heildsölu eða framleiðslu. Fastus ehf. er einnig dótturfyrirtæki ÍSAM en starfsemi þess skiptist í annars vegar heilbrigðissvið og hins vegar fyrirtækjasvið. Starfsemi heilbrigðissviðs lýtur að sölu á tækjum, búnaði og rekstrarvörum til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana. Fyrirtækjasvið sinnir þjónustu við ýmsan iðnað, s.s. stóreldhús, mótuneyti, veitingahús, hótél, þvottahús og matvælafyrirtæki.¹ Velta samstæðu ÍSAM var tæpir 9 ma. króna árið 2014.

ÍSAM er hluti af fyrirtækjasamstæðunni Fram ehf. sem er í einkaeigu. Samstæðan er umsvifamikill aðili í íslensku atvinnulífi og er meðal annars aðaleigandi Ísfélags Vestmannaeyja hf., Kvosar ehf. og Dala Rafns ehf. Jafnframt er stór hlutur í rekstrarfélagi Morgunblaðsins hluti af eignum samstæðunnar en ekkert þessara félaga hefur þó starfsemi á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á.

Í samrunaskrá segir að Eggert Kristjánsson sé heildsala en á árinu 2014 hafi félaginu verið skipt upp í annars vegar Sjöstjörnuna ehf. og hins vegar Eggert Kristjánsson. Þá hafi fasteign félagsins að Skútuvogi 3 í Reykjavík verið færð inn í Sjöstjörnuna ehf. Ennfremur segir að skráður tilgangur félagsins sé nú „*rekstur heildsölu, umboðssölu, verslunar, iðnaðar og alls konar framleiðslu, umboðs, miðlara, og víxlstarfsemi, svo og rekstur fasteigna, lánstarfsemi og skyldur rekstur.*“² Ennfremur segir að starfsemi félagsins sé aðallega á sviði heildsöluviðskipta og hafi félagið áður verið þekkt fyrir innflutning á ferskum ávöxtum og grænmeti. Segir að félagið hafi komið að ýmsum innflutningi eða allt frá smáhlutum til fiskiskipa og að nú starfi einungis 5 manns hjá félaginu og starfsemin sé að Skútuvogi 3.

Við meðferð málsins hefur fram komið að velta á þeirri starfsemi sem rennur til ÍSAM við samruna málsins sé um [...]³ á ársgrundvelli. Þá hefur komið fram að áður en alvarlegir

¹ Um kaup ÍSAM á Fastus ehf. var fjallað um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 37/2014 *Samruni ÍSAM ehf., Fastusar ehf. og Aðalkots ehf.*

² Samhliða þessum breytingum keypti Leiti eignarhaldsfélag Eggert Kristjánsson, fjallað var um þessi viðskipti í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2014 *Samruni Leitis eignarhaldsfélags ehf. og Eggerts Kristjánssonar hf.*

³ Fellt út vegna trúnaðar.



rekstrarerfiðleikar hafi komið fram hafi velta þess verið [...]⁴ meiri en mikilvæg erlend vörumerki hafi hætt samstarfi við félagið.

III.

Niðurstaða

Samkvæmt samrunaskrá starfa samrunaaðilar sem birgjar á annars vegar dagvörumarkaði og hins vegar veitingahúsa- og stofnanamarkaði.⁵ Þegar litið er til dagvörumarkaðar segir að ÍSAM hafi 5-6% markaðshlutdeild á dagvörumarkaði og Eggert Kristjánsson hafi 0-1% markaðshlutdeild á sama markaði. Hlutdeild sameinaðs félags sé því í mesta lagi 7%. Við mat á markaðshlutdeild vísa samrunaaðilar til skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 og þeirrar hlutdeildar sem eftirlitið taldi samrunaaðila hafa á þeim tíma sem skýrslan nær til, þ.e. á árinu 2010.

Í nefndri skýrslu eftirlitsins kemur fram að staðganga á milli vöruflokka sé takmörkuð og því kunnir rök að standa til þess að markaður fyrir tiltekna vöruflokka matvara sé skilgreindur sem sérstakur markaður. Í skýrslunni var dagvöru skipt í 21 vöruflokk og farið yfir markaðshlutdeild aðila á viðkomandi mörkuðum. Við rannsókn máls þessa óskaði Samkeppniseftirlitið eftir í hvaða vöruflokkum starfsemi samrunaaðila skarast eins og starfsemi þeirra er í dag. Í því sambandi var óskað eftir veltu í þeim vöruflokkum sem báðir samrunaaðilar starfa á. Sú eftirgrenslnan leiddi í ljós að ekki er ástæða til þess að ætla að samþjöppun á einstaka undirmörkuðum geti verið grundvöllur samkeppnisbresta. Sá undirmarkaður sem ÍSAM hefur hvað hæsta hlutdeild er sala á brauði og kökum í gegnum dótturfyrirtæki sitt, Mylluna. Í þeim vöruflokki hafði Eggert Kristjánsson óverulega veltu sem var fyrst og fremst í sölu til stóreldhúsa. Myllan starfar aftur á móti að stærstu leyti á dagvörumarkaði. Samruninn leiðir ekki til teljandi aukningar samþjöppunar á einstaka mörkuðum hvort sem litið er til sölu á tilteknum vöruflokkum til dagvöruverslana eða veitingahúsa/stóreldhúsa.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Að undangenginni rannsókn er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruni ÍSAM og Eggerts Kristjánssonar hindri virka samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Að öllu framangreindu virtu, þ.m.t. sjónarmiða ótengdra aðila sem starfa á sömu mörkuðum og samrunaaðilar, er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Í ákvörðun nr. 37/2014 fjallaði Samkeppniseftirlitið um veitingahúsa/stóreldhúsamarkað, horfa má á þann markað sem hinn sama og veitingahúsa- stofnanamarkað.



Ákvörðunarorð:

„Kaup ÍSAM ehf. á Eggerti Kristjánssyni ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson